



Reykjavík, 19. ágúst 2026
SFS26080009

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Tímabundin lokun Hagaborgar og flutningur barna og starfsfólks úr Hagaborg yfir í Grandaborg

Á fundi leikskóla og daggæsluráðs þann 17. ágúst 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. ágúst 2026 ásamt umsögn foreldraráðs Hagaborgar, dags. 10. ágúst 2026:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að loka leikskólanum Hagaborg tímabundið frá 1. september 2026 til 1. september 2028 eða eftir því sem framkvæmdum miðar og að húsnæði leikskólans við Fornhaga 8 er fullklárað. Í dag er leikskólinn staðsettur í húsnæði Grandaborgar og dvelja 80 börn í Hagaborg. Lagt er til að þau börn sem enn verða með vistun þann 1. september flytji yfir í Grandaborg frá þeim tíma. Starfsfólk Hagaborgar verður þá samhliða þessum breytingum að starfsfólki Grandaborgar.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs. SFS26080009
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn fagnar því að starfsfólk og nemendur Hagaborgar séu komin í nýuppgert húsnæði Grandaborgar. Besta mögulega niðurstaða þegar kemur að því að leysa húsnæðisvandamál leikskóla er að hægt sé að halda áfram starfsemi innan hverfis og í þessu tilfelli hefur það tekist.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:
Tillaga ásamt greinargerð, dags. 6. ágúst 2026



Reykjavík



Umsögn foreldraráðs Hagaborgar, dags. 10. ágúst 2026



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundna lokun Hagaborgar og flutning barna og starfsfólks úr Hagaborg yfir í Grandaborg

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að loka leikskólanum Hagaborg tímabundið frá 1. september 2026 til 1. september 2028 eða eftir því sem framkvæmdum miðar og að húsnæði leikskólans við Fornhaga 8 er fullklárað. Í dag er leikskólinn staðsettur í húsnæði Grandaborgar og dvelja 80 börn í Hagaborg. Lagt er til að þau börn sem enn verða með vistun þann 1. september flytji yfir í Grandaborg frá þeim tíma. Starfsfólk Hagaborgar verður þá samhliða þessum breytingum að starfsfólki Grandaborgar.

Greinargerð:

Hagaborg er sex deilda leikskóli við Fornhaga 8 í Reykjavík og er með rekstrarleyfi fyrir 123 börn. Frá árinu 2023 hefur verið unnið að framkvæmdum vegna innivistarvanda og er nú svo komið að fara verður í stærri framkvæmdir. Leikskólinn flutti í endurnýjað húsnæði Grandaborgar vorið 2026. Lagt er til að Hagaborg loki tímabundið á meðan framkvæmdum á húsnæði við Fornhaga 8 stendur og að leikskólinn starfi þess í stað undir nafni Grandaborgar.

Ekki voru innrituð ný börn í Hagaborg fyrir skólaárið 2026 - 2027. Haustið 2026, þegar elstu börn hafa lokið leikskólagöngu í Hagaborg, verða 75 börn í vistun í Hagaborg og lagt er til að þau muni sjálfkrafa færast frá Hagaborg til Grandaborgar frá og með 1. september 2026.

Vorið 2024 var tekin ákvörðun um að loka Grandaborg tímabundið þar til endurnýjun á húsnæði við Boðagrandu 9 lyki og opnaði endurnýjað húsnæði Grandaborgar í mars 2026. [Sjá tillögu SFS24030113](#). Þá var orðið ljóst að fara þyrfti í töluverðar framkvæmdir á húsnæði Hagaborgar og var tekin ákvörðun um að sameina starfsemi Grandaborgar og Hagaborgar í einu húsi. Nú er ljóst að framkvæmdir á húsnæði Hagaborgar munu taka langan tíma og er gert ráð fyrir að starfsemi geti ekki hafist þar fyrr en í fyrsta lagi 2028. Því er fyrirséð að leikskólinn verði ekki fluttur fyrir næstu stóru innritun og gæti það leitt til misskilnings fyrir nýja foreldra sem sækja um í Hagaborg, t.d. varðandi hvar skólinn er staðsettur. Því þykir eðlilegra að loka Hagaborg tímabundið og að frá og með haustinu 2026 séu börn og starfsfólk í Grandaborg og að ný börn fái boð í Grandaborg.

Heildarfjöldi starfsfólks Hagaborgar eru 17 og hluti af þeim í leyfi frá störfum. Rætt var við starfsfólk vorið 2026 og unnið að því að bjóða starfsfólki að flytja starf sitt úr Hagaborg í Grandaborg. Í Grandaborg verða 20 starfsmenn í 18 stöðugildum haustið 2026. Leikskólastjóri



Hagaborgar mun stýra Grandaborg, þar sem fyrrum leikskólastjóri Grandaborgar er komin í nýtt starf sem leikskólastjóri hjá Reykjavíkurborg.

Hagaborg og Grandaborg eru sambærilegar rekstrareiningar svo þessi breyting hefur óveruleg fjárhagsleg áhrif og rúmast innan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs.

Stjórnendur og starfsfólk leikskólans voru upplýstir um þessa ráðgerðu tillögu að breytingu á fundi 28. nóvember 2025 á skipulagsdegi og á sama degi fór út upplýsingapóstur til foreldra um þessar fyrirhuguðu breytingar. Foreldraráð leikskólans hefur verið upplýst og gefið umsögn, dags. 10. ágúst 2026.

Til stendur að setja færanlega einingu við Grandaborg á vorönn 2027 og verður þá unnt að fjölga plássum þar úr 75 í um 105. Þessi aðgerð mun því fækka plássum í leikskólum Reykjavíkur tímabundið um 18.

Reykjavík 10. ágúst 2026

Tillaga sviðstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundna lokun Hagaborgar og flutning barna og starfsfólks úr Hagaborg yfir í Grandaborg

Umsögn foreldraráðs Hagaborgar

Foreldraráð samþykkir tillögu um lokun Hagaborgar og flutning barna á Grandaborg á meðan á framkvæmdum stendur.

Foreldraráð óskar eftir að framkvæmdir við Hagaborg verði í forgangi. Húsnæðið hefur nú verið lokað í heilt ár án þess að framkvæmdir séu hafnar. Það þykir foreldraráð miður enda mikil röskun fyrir fjölskyldur barna sem búa nálægt leikskólanum. Bæði vegna þess að skortur hefur verið á leikskólaplássum en einnig að börn þurfi að sækja leikskóla sem ekki er í göngufjarlægð frá heimili þeirra sem mikil áhrif hefur á fjölskyldur.

Foreldraráð gerir einnig athugasemd við að óskað sé eftir umsögn þess á sumarleyfistíma leikskólann. Ljóst er að umrædd ákvörðun hefur lengi staðið til og vænlegra hefði verið til að vönduð og ígrunduð umsögn fengist að óskað yrði eftir henni á meðan starfstímaleikskóla stæði.

Fyrir hönd foreldraráðs Hagaborgar,

Áslaug Haraldsdóttir

Reykjavík 10. ágúst 2026

Tillaga sviðstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundna lokun Hagaborgar og flutning barna og starfsfólks úr Hagaborg yfir í Grandaborg

Umsögn foreldraráðs Hagaborgar

Foreldraráð samþykkir tillögu um lokun Hagaborgar og flutning barna á Grandaborg á meðan á framkvæmdum stendur.

Foreldraráð óskar eftir að framkvæmdir við Hagaborg verði í forgangi. Húsnæðið hefur nú verið lokað í heilt ár án þess að framkvæmdir séu hafnar. Það þykir foreldraráð miður enda mikil röskun fyrir fjölskyldur barna sem búa nálægt leikskólanum. Bæði vegna þess að skortur hefur verið á leikskólaplássum en einnig að börn þurfi að sækja leikskóla sem ekki er í göngufjarlægð frá heimili þeirra sem mikil áhrif hefur á fjölskyldur.

Foreldraráð gerir einnig athugasemd við að óskað sé eftir umsögn þess á sumarleyfistíma leikskólann. Ljóst er að umrædd ákvörðun hefur lengi staðið til og vænlegra hefði verið til að vönduð og ígrunduð umsögn fengist að óskað yrði eftir henni á meðan starfstímaleikskóla stæði.

Fyrir hönd foreldraráðs Hagaborgar,

Áslaug Haraldsdóttir